

Forseti Alþingis, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Efni; Tillögur dómsmálaráðherra til Alþingis um skipan dómara við Landsrétt

Reykjavík 29. maí 2017

Virðulegi forseti Alþingis!

Ég rita þér þetta opna bréf til að vekja athygli þína á því sem ég tel vera tilraun dómsmálaráðherra til afla sér heimildar Alþingis til að standa að ólögumætri embættisfærslu. Ég vísa til bréfs Sigríðar Á. Andersen, dómsmálaráðherra með tillögu hennar að skipun í embætti fimmtán dómara við Landsrétt sem hún mun hafa afhent forseta Alþingis fyrir í dag.

Samkvæmt 1. mgr. ákvæðis IV til bráðabirgða í lögum um dómstóla, nr. 50/2016, skal nefnd skv. 4. gr. a laga um dómstóla nr. 15/1998 meta hæfni umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt og láta ráðherra í té umsögn um umsækjendur í samræmi við 2. mgr. þeirra greinar og reglur sem um nefndina gilda. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. a er svohljóðandi:

„Dómnefnd skal láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara. Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna. Að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um störf nefndarinnar.“

Síðar í bráðabirgðaákvæði IV er áréttað sbr. 1. nr. 10/2017 að:

„Óheimilt er ráðherra að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjenda, hvort heldur einn eða samhlíða öðrum. Frá þessu má þó víkja ef Alþingi samþykkir tillögu ráðherra um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum 2. og 3. mgr. 21. gr. laga þessara.“

Hæfnisnefndin mat 15 umsækjendur hæfasta til að gegna stöðum landsréttardómara og tók það sérstaklega fram að hver þessara 15 væru hæfari en allir hinir umsækjendurnir sem ekki væru þar á meðal. Ég var einn þessara 15. Í bréfi dómsmálaráðherra, dags. 29. maí 2017 er nafn mitt og þriggja annarra úr 15 manna hópnum ekki að finna en fjórir aðrir tilgreindir í okkar stað.

Í bréfi ráðherra og fylgiskjali með því til forseta Alþingis kemur ekki fram hvaða aðrir umsækjendur en þeir 15 sem nefndin komst að niðurstöðu um að hafi samkvæmt mati dómnefndarinnar uppfyllt tilvitnuð skilyrði dómstólalaga. Strax af þeirri ástæðu er ekki annað hægt en að hafna þeim tillögum ráðherra um dómaraefni sem viku frá niðurstöðu dómnefndarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis IV skal ráðherra „leggja tillögu sína um hverja skipun fyrir Alþingi til samþykktar.“ Undirstrika verður að með því er tekin sjálfstæð ákvörðun um skipun hvers og eins dómara, sem lúta skal reglum stjórnisýslu- og stjórnskipunarréttar.

Ljóst er að bréf ráðherra og fylgiskjal þess uppfylla alls ekki kröfu 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis IV þar sem gerð er tillaga um hóp manna en ekki hvern og einn. Þegar af þeirri ástæðu ber að hafna erindinu í heild sinni. Af bráðabirgðaákvæðinu leiðir að þingmönnum ber að greiða atkvæði um hverja og eina tillögu ráðherra.

Frávík ráðherra frá tillögu dómnefndarinnar uppfylla að auki á engan hátt kröfur sem gera verður til handhafa veitingarvalds þegar horft er til þeirra sjónarmiða sem umboðsmaður Alþingis og dómstólar hafa lagt til grundvallar. Mjög afdráttarlaust og glögg dæmi um þetta er dómur Hæstaréttar 14. apríl 2011 í máli nr. 412/2010 í máli Guðmundar Kristjánssonar gegn íslenska ríkinu og Árna M. Mathiesen. Málið varðaði veitingu embættis héraðsdómara.

Í nefndum dómi Hæstaréttar er því slegið föstu sem ekki er umdeilt að dómsmálaráðherra er eftir meginreglum stjórnarsýsluréttar bundinn af því að velja þann umsækjanda, sem hæfastur er til að gegna embætti. Hann má ekki velja aðra en þá hæfustu. Það leiðir líka af þeim dómi að ekki verða gerðar minni kröfur til ráðherra en dómnefndarinnar um rökstuðning og innbyrðis samanburð umsækjenda. Rökstuðningur ráðherra getur ekki verið á almennum nótum eða tekið til hóps manna sameiginlega eins og dómsmálaráðherra hefur telft fram. Ráðherra verður að rökstyðja sérstaklega fyrir hvern nafngreindan umsækjanda sem dómnefnd hefur talið hæfastan hvers vegna ráðherra leggur til að viðkomandi verði ekki skipaður og gera rökstudda tillögu um annan nafngreindan umsækjanda í staðinn.

Til þess að Alþingi geti samkvæmt nefndu bráðabirgðaákvæði IV samþykkt tillögu ráðherra um heimild til að skipa í embætti annan nafngreindan umsækjanda en þann sem dómnefnd hefur talið hæfastan verður að liggja fyrir rökstuðningur ráðherra sem þingið metur fullnægjandi, að dómnefnd hafi komist að rangri niðurstöðu. Gert mistök.


Í bráðabirgðaákvæðinu felst ekki heimild til að víkja frá þeirri meginreglu sem varin er af jafnræðisákvæði stjórnarskrár að þeim umsækjanda beri opinbert embætti sem er hæfastur. Hvorki ráðherra né Alþingi er heimilt að víkja frá þeirri reglu. Slíkt væri enda brot á stjórnarskrá.

Ráðherra hefur kynnt að hann kjósi að víkja frá álitum dómnefndarinnar en engin grein hefur verið gerð fyrir innbyrðis samanburði á umsækjendum af hans hálfu. Ógangsað skoðun ráðherra sem hann kveðst hafa framkvæmt á eigin vegum, frá því að honum barst niðurstaða hæfisnefndarinnar á fimmtudag síðasta, veitir engin svör í þessum efnunum.

Það hefur margítrekað gerst að ráðherrarnir hafa brotið reglur við skipan í opinber embætti, þar á meðal dómaraembætti. Íslenska ríkið hefur margoft þurft að greiða bætur af þessum sökum og ráðherra sjálfur í eitt skipti. Það hefur væntanlega verið í þessu ljósi sem löggjafinn ákvað að slá þann varnagla að Alþingi yrði að greiða atkvæði og samþykkja tillögu sem fæli í sér að víkja frá faglegu mati sérstaklega skipaðrar hæfisnefndar. Nú reynir á, kröfum um faglegt lögmætt mat á ekki að vera hægt að víkja til hliðar með stimpli Alþingis. Hlutverk Alþingis er að tryggja lögmæt málefnaleg vinnubrögð við skipan í embætti. Því hlutverki má þingið ekki bregðast.

Geti ráðherra ekki lagt fram fullnægjandi gögn eða skýringar á að undirbúningur og meðferð málsins hafi verið í samræmi við lög ber að hafna tillögum ráðherra. Það hlýtur að vera hlutverk Alþingis að tryggja sem best að ráðherra geti sýnt fram á með tillögum sínum að hann hafi fylgt réttum reglum við undirbúning þeirra. Annað væri ekki í samræmi við kröfur réttarríkisins um lögbundna stjórnarsýslu.

með virðingu,


Astráður Haraldsson